

Sýning Textílfélags Íslands á Akureyri 2. – 17. júlí 2011.

Kæru félagar í Textílfélagi Íslands

Þið eruð eflaust farnar að bíða eftir frekari upplýsingum vegna væntanlegrar sýningar á Akureyri í sumar. Sýningarstaðir eru Ketilhúsið, Mjólkurbúðin (fyrrum Gallery JV) og jafnvel Menningarhúsið Hof ef með þarf. Um eða yfir 30 félagskonur svöruðu tölvupósti á þann veg að þær hefðu hug á að taka þátt í sýningunni í sumar.

Stjórn Textílfélagsins tók þá ákvörðun að sýningin væri opin öllum félögum og ef þátttakan verður eins góð og fyrstu viðbrögð gefa til kynna þá er ljóst að Ketilhúsið er tæplega nógu stórt. Því hefur verið ákveðið að fá einnig Mjólkurbúðin, sem er í Listagilinu og staðsett rétt við Ketilhúsið. Einnig hefur verið talað við viðburðarstjóra í Menningarhúsinu Hofi sem tók mjög vel í beiðni okkar um að vera með hluta af sýningunni þar en frá því hefur ekki verið gengið. Fyrst þarf að koma í ljós hversu margar félagkonur ætla örugglega að vera með í sumar og hvernig verk þær munu sýna þ.e. myndverk á vegg, fatahönnun, frístandandi verk, iðnhönnun og svo frv. Það má því segja að Textílfélagið leggi Akureyri undir sig þessar tvær vikur í sumar og kominn tími til!

Sýningin verður opnunarsýning á Listasumri 2011, sem er mikill heiður fyrir okkur, en alltaf er mikið um að vera í bænum við setningar Listasumars. Bent skal á að mikið er um leiguíbúðir/sumarbústaði/sumarleigu hér á Akureyri sem er eflaust ódýrasti kosturinn fyrir þær sem vilja og geta verið við opnun sýningarinnar. Nafn á sýninguna er ekki komið enda sýningarnefndin rétt að hefja störf.

Stjórn Textílfélagsins lagði til að kostnaður á þátttakanda í sýningu verði kr. 12.000 og gildir þá einu í hvaða rými viðkomandi verður með sín verk. Ekki þarf að borga leigu fyrir Ketilhúsið en fyrir leigu á Mjólkurbúðinni þarf að greiða kr. 60.000 fyrir tvær vikur og skiptist sá kostnaður jafnt á alla þátttakendur. Ef mjög margir þátttakendur verða á sýningunni og við sjáum fram á að upphæðin er of há þá munum við lækka sýningargjaldið en það kemur ekki í ljós fyrr en eftir 5. apríl n.k. Annar kostnaður er prentun á sýningarskrá, auglýsingar o. fl.

Hámarksstærð verka: Verkin geta verið í mesta lagi 3 fermetrar en breiddin má ekki vera meiri en 1.5 metrar. Þar sem lofthæðin er rétt um 5 metrar í Ketilhúsinu er möguleiki á löngum, mjóum verkum.

Sýningarnefndin hefur ákveðið að ekki sé unnið út frá þema fyrir þessa sýningu þar sem tíminn er orðinn mjög naumur.

Staðfesting um þátttöku þarf að berast í tölvupósti fyrir 5. apríl en verkum skal skila/sendu til Akureyrar fyrir 20. júní en þið fáid frekari upplýsingar um heimilisfang þegar nær dregur. Góð aðstaða verður hér til að taka á móti verkum og ef þátttakendur vilja koma verkum sínum fyrir þá er það í góðu lagi.

Upplýsingar um væntanlega sýningarskrá koma síðar.


Heildarsýningarrými í Ketilhúsinu er um 300 fermetrar þ.e. salurinn á annari hæð og svarsalými á þriðju hæð. Teikningar að Ketilhúsinu eru hér.

<http://www.akureyri.is/media/vefmyndir/akureyri/pdf/Ketilhus.pdf>


Mjólkurbúðin er um 40 fermetrar og eru myndir af henni hér fyrir neðan:



Séð inn í galleríð frá götunni.



Salurinn sjálfur.



Heildarrými

Fyrir hönd sýningarnefndar:
Ragnheiður Þórsdóttir og Anna Gunnarsdóttir

Vinsamlegast sendið staðfestingu um þátttöku á netföngin:
anna.design@nett.is og ragga@vma.is